

## REGLUR

### um slit á skemmtunum og öðrum samkomum.

#### 1. gr.

Skemmtunum, dansleikjum og öðrum samkvæmum, sem fram fara á almennum skemmtistöðum, félagsheimilum eða veitingahúsum, skal slíta í síðast lagi klukkan eitt eftir miðnætti, á laugardögum þó í síðasta lagi klukkan tvö eftir miðnætti.

Leyfi lögreglustjóra (hreppstjóra) þarf þó til þess að skemmtun standi lengur en til kl. 11.30.

#### 2. gr.

Ef um er að ræða árshátíðir, afmælisfagnaði eða aðrar þess háttar samkomur, sem fyrst og fremst eru ætlaðar félagsmönnum og gestum þeirra, en skemmtun er eigi ætluð almenningi, er lögreglustjóra heimilt að leyfa, að skemmtun standi einni klukku-stund lengur en greinir í 1. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að leyfa að áramótafagnaðir standi til klukkan 4 að morgni nýársdags.

#### 3. gr.

Ef sérstaklega stendur á getur dómsmálaráðuneytið heimilað lögreglustjóra að leyfa að skemmtun standi lengur en greinir í 1. og 2. gr.

#### 4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 120 22. desember 1947, um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi felldar auglýsingar nr. 11 15. janúar 1948 og 17 29. janúar 1948 um slit á skemmtunum og öðrum samkomum.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. mars 1976.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## GJALDSKRÁ

### um holræsi í Hofsóshreppi.

#### Tengigjöld.

##### 1. gr.

Fyrir hvert íbúðarhús kr. 10 000.00, en séu fleiri en ein íbúð í húsi, þá skal greiða kr. 7 500.00, fyrir hverja viðbótaríbúð. Af öðru húsnæði skal tengigjald vera kr. 20.00 pr. m<sup>2</sup>.

#### Árlegt holræsagjald.

##### 2. gr.

Árlegt holræsagjald skal vera 0,22% af fasteignamatsverði húsa eða einstakra íbúða, hámark kr. 10.00 pr. m<sup>2</sup> íbúðar, lágmark íbúðarhús kr. 8.00, lágmark önnur hús kr. 5.50. Holræsagjald skal aldrei vera lægra en kr. 1 500.00. Gjaldskrá þessa má hækka (eða lækka) um allt að 50%.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreygni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. mars 1976.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Skúli Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um innflutning með greiðslufresti.

Í samræmi við 8. og 9. gr. reglugerðar nr. 79 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., hefur viðskiptaráðuneytið í samráði við Seðlabanka Íslands og gjaldeyrisviðskiptabankana sett eftirfarandi reglur um erlendan greiðslufrest:

1. Heimilt skal að flytja inn eftirtaldar vörur með þriggja mánaða greiðslufresti, enda hafi innflytjendur áður samið við Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands um greiðslufyrirkomulag vörunnar. Aðrar vörur, sem ekki eru taldar hér á eftir, er óheimilt að flytja inn með greiðslufresti:

Tollskr.nr. Vörutegund

01.06.21 Loðdýr.

03.01.05 Síld, fryst.

03.03.01 Beita.

05.02.00 Hár og burstir.

05.03.00 Hrosshár.

05.04.00 Innyfli.

06.01.00 Blómlaukar.

07.05.00 Matbaunir (gular og grænar) í umbúðum meira en 5 kg.

09.01.12 Kaffibaunir.

10.01.00 Hveiti, ómalað.

10.02.00 Rúgur, ómalað.

10.03.00 Bygg, ómalað.

10.04.00 Hafrar, ómalað.

10.05.00 Mál, ómalað.

10.06.11 Rís, ómalað í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.

10.06.19 Rís, ómalað í umbúðum (5 kg eða) meira en 5 kg.

10.06.21 Annar rís, ómalað í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.

10.06.29 Annar rís, ómalað í umbúðum (5 kg eða) meira en 5 kg.

10.07.00 Bókhveiti o. fl., annað korn.

11.01.11 Hveitimjöl.

11.01.12 Hveitimjöl í umbúðum meira en 5 kg.